

Sþ.

48. Tillaga til þingsályktunar

um kaup á jarðborum til jarðhitarannsókna.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kaupa fyrir næsta vor 2 jarðbora, sem nota megi til jarðhitarannsókna í landinu. Um stærð og gerð þessara verkfæra skal farið eftir tillögum Rannsóknarráðs ríkisins.

Greinargerð

Almennur áhugi er nú vaknaður á aukinni hagnýtingu jarðhitans í landinu. Með hinum stórkostlegu áformum um upphitun lífuðborgarinnar með heitu vatni frá jarðhitasvæðum í nágrenni borgarinnar hefur áhugi margra kauptúna og einstakra sveitabýla eða byggðahverfa vaknað á hagnýtingu jarðhita til upphitunar. En til þess að hafizt verði handa um slíkar framkvæmdir, þurfa víða víðtækar rannsóknir á jarðhitasvæðunum að fara fram.

Frumskilyrði þess, að slíkar rannsóknir geti farið fram, er það, að fullkomin verkfæri séu fyrir hendi til þeirra. Og hin ýmsu byggðarlög, í sveit og við sjó, verða að hafa möguleika til þess að fá þessi verkfæri til notkunar. Á hvoru tveggja þessu er nú mikill misbrestur. Allt of lítið er til af þessum verkfærum, og fjöldamargir staðir hafa í mörg ár beðið eftir að fá þau til afnota.

Ríkissjóður á nú 3 jarðbora til jarðhitarannsókna. Er einn þeirra lítill einnar tommu bor, sem getur þó borað grunnar holur þriggja tommu víðar. Annar borinn er þriggja tommu bor, og er hann keyptur á s. l. ári og því nýjastur og beztur þessara þriggja bora. Þriðji borinn er fjögurra tommu bor, og er hann elztur þessara verkfæra. Rannsóknarráð ríkisins hefur haft yfirstjórn þessara jarðbora. Samkv. upplýsingum, sem flm. þessarar tillögu hafa fengið hjá einstökum meðlimum rannsóknarráðs er eftirspurn eftir borunum mjög mikil, og fer fjarri því, að hægt sé að fullnægja henni. Borarnir hafa undanfarin ár aðeins verið notaðir til jarðhitarannsókna á örfáum stöðum. Fjöldi staða, þar sem mikill áhugi ríkir á aukinni hagnýtingu jarðhita, bíða þess, að röðin komi að þeim með að fá borana leigða.

Það er tilgangur flm. þessarar þingsályktunartillögu, að með samþykkt hennar verði bætt úr þeirri nauðsyn margra staða víðs vegar um land, sem hér að ofan greinir. Með því, að ríkissjóður fengi rannsóknarráði til umráða 2 nýja og fullkomna jarðbora, væru skapaðir möguleikar til þess að flýta fyrir því, að almenningur í landinu eða einstök býli eða byggðahverfi gætu hafizt handa um hagnýtingu þeirra náttúruauðlinda, sem einna dásamlegastar eru í landinu, jarðhitans.

Flm. er kunnugt um það, að kostnaður við kaup jarðbora af hentugri gerð er ekki tiltakanlega mikill. Jarðbor sá, sem keyptur var s. l. ár og er nýjastur og fullkomnastur þeirra, sem rannsóknarráðið ræður yfir, mun hafa kostað um 25 þús. kr. Rekstur og notkun þessara verkfæra er hins vegar alldýr, þar eð fastir starfsmenn þurfa að fylgja þeim. En sá kostnaður hvílir á þeim, sem tækin taka á leigu hverju sinni. Æskilegt sýndist þó, að í framtíðinni tæki hið opinbera vaxandi þátt í slíkum rannsóknnum. Væri þá rétt, að einstök bæjarfélög eða sýslufélög eignuðust þessi verkfæri.

Megintilgangur þessarar tillögu er þá sá að greiða fyrir aukinni hagnýtingu jarðhita sem víðast um byggðir landsins. Það er trú flm., að í framtíðinni megi hagnýta hitann í laugum og hverum landsins til fjöhnargra nyttsamlegra hluta, ekki aðeins til hitunar húbýla, heldur og til þess að skapa aukna fjölbreytni í ræktunar- og framleiðslumöguleikum landsmanna. En til slíkrar fjölbreytni ber brýna nauðsyn.